



Formannafundur LH

Haldinn 6. nóvember 2015 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Lárus Ástmar Hannesson formaður LH býður fundargesti velkomna og tilnefnir Marteinn Magnússon sem fundarstjóra og Jóhönnu Gunnarsdóttur sem ritara. Samþykkt með lófataki.

Marteinn Magnússon fundarstjóri kynnir sig og setur fundinn.

1. Skýrsla stjórnar – Lárus Ástmar Hannesson formaður LH kynnir skýrslu stjórnar.
2. Ólafur Þórisson gjaldkeri fer yfir ársreikning LH 2014 og 8 mánaða uppgjör 2015, sem og reikninga Landsmóts hestamanna.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður um 10 mánaðauppgjör:

- Guðmundur Birkir Þorkelsson kemur upp í pontu: hefði verið gott að fá punkta úr skýrslu stjórnar, þakkar stjórninni fyrir góð störf. Góður andi sem hvílir yfir starfinu. Var svolítið hissa þegar hann sá dagskrá formannafundarins, finnst vanta málefni sem brennur á fólki. Hefði viljað sjá skýrslu Kristins Hugasonar, þar sem var lagt upp með að þetta yrði tveggja mánaða starf. Vill að Lárus útskýri það frekar hvers vegna þetta starf varð svo miklu meira en lagt var upp með.
- Fundarstjóri kallar Lárus formann upp í pontu til að svara fyrirspurn Guðmundar Birkis.
- Lárus þakkar GB fyrir góð orð í garð stjórnar, gott að vera með vaðið fyrir neðan sig þegar kemur að fjármálum, óþarfi að eiga mikinn sjóð umfram þörf. Lárus spyr hvort rétt sé að formannafundur geti ekki afgreitt reikninga, hans skoðun er að formannafundur hafi rétt til að samþykkja reikninga. Vill að formannafundur hafi meira vægi. Varðandi verkefnið með Kristni Hugasyni, þá varð þetta meira umfang en haldið var en það verða ekki lagðir meiri peningar í það þó svo það taki lengri tíma.
- Fundarstjóri býður Ólafi gjaldkera upp í pontu til að fara yfir reikninga Landsmóts hestamanna. ÓP fer í reikninga LM og fundarstjóri opnar fyrir umræður vegna þeirra.
- Guðmundur Birki vonar að Landsmót ehf verði lagt niður sem fyrst. Spyr hvort ástæða sé til að LH taki fjármuni af rekstri LM til sín. Veltir því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að hafa risaskjá og stúkusæti. Einnig spyr hann hvort nauðsynlegt sé að auglýsa mótið fyrir svona háar upphæðir. ÓP finnst óþarfi að fara afturábak með risaskjá, en stúkusæti mætti endurskoða.
- Hjörtur Bergstað veltir fyrir sér hvort tapið sé ekki 13 milljónir.

3. Landsmót 2016.

- a. Lárus formaður kynnir vinnu vegna Landsmóts 2016 á Hólum í Hjaltadal.

4. Æskulýðsbikar LH 2015 – Helga Björg Helgadóttir formaður æskulýðsnefndar LH

- Helga B. Helgadóttir kemur upp í pontu og segir örstutt frá æskulýðsstarfi.
- Æskulýðsbikarinn í ár hlýtur Sprettur.



5. Kynning á verkefnum á vegum LH

a. **Markaðsverkefni um íslenska hestinn**

Fundarstjóri býður Guðnýju Káradóttur frá Íslandsstofu velkomna í pontu. Guðný kynnir markaðsverkefnið **Íslenski hesturinn**.

b. **Afreksstefna LH**

Fundarstjóri býður Helgu B. Helgadóttur og Jónu Dís Bragadóttur velkomnar í pontu til að kynna afreksstefnu LH. Afreksstefnan verður lögð fyrir fundinn til samþykktar síðar í dag þegar skipuð nefnd hefur yfirfarið hana. Jóna Dís kynnir helstu punkta afreksstefnunnar.

c. **Framtíð Landsmóta**

Helga B. Helgadóttir fer yfir helstu punkta frá ráðstefnu framtíðar landsmóta.

d. **Heimur hestsins - bók**

Fundarstjóri býður Lárus upp í pontu til að kynna heim hestsins og samstarf LH og Worldfengs. Lárus kynnir bókina Heimur hestsins sem LH hefur keypt handrit af í samstarfi við FHB. Þarf að koma þessari bók í reiðskólana, æskulýðsstarfið og almenna sölu.

e. **Samstarf LH og WorldFengs**

Lárus kynnir samstarf LH og WF, efni frá landsmótum. Mikilvægt að hafa fagaðila sem geymir þetta efni.

f. **Spónn ehf.**

Lárus kynnir samstarf við Spónn ehf. v/endurvinnslu á rúlluplasti.

g. **Spurningakeppni**

Lárus hvetur öll félögin til að taka þátt í spurningakeppni á vegum LH og Hrossaræktar ehf.

HÁDEGISHLÉ

6. Hópavinna – Jóna Dís og Helga B. kynna hvernig hópavinnan fer fram.

Niðurstöður hópavinnu:

Hvað er mest aðkallandi í þínu félagi?

- Skuggi og borgarbyggð kennir knapamerkin í grunnskólum, niðurgreitt.
- Vetrarnámskeið í Skagafirði eru vel sótt.
- Þjálfari er einnig með verkefnanámskeið – skiptir máli að félögin útvegi hesta, tala við hestaleigur.
- Borgarbyggð þar sem vegalengdri eru langar þá greiðir borgarbyggð foreldrum bensínkostnaðinn niður.
- Hesthúspláss vantar sumstaðar. Skiptir máli að hesthúsasvæði sé skipulagt sem hesthúsasvæði en ekki til almenns búfjárhalds. Félagshesthús voru víða áður, nú aflögð.
- Að virkja hinn almenna féлага, erfitt að ná til fleiri, of fáir virkir
- Hjá Mána er opið í reiðhöllina fyrir skuldlausu féлага, höllin ekki leigð út e. kl. 18. Höllin var byggð af félögunum.
- Flokkaskiptingin er eilíft vandamál og umræðuefni hérlendis, ekki erlendis. Af hverju?



Hvernig getum við eft nýliðun?

- **Allir sammála um að þetta er brýnt verkefni**
- **Meira um aðra viðburði en mót.**
- **Lykillinn er tengslin í gegnum skólana þar sem er samstarf sem dregur krakkana inn en svo vantar eftirfylgina (vantar hest, hesthús og bakland svo það þarf að finna leiðir til að styðja þau áfram).**
- Efla þarf æskulýðsstarf, hægt að fara nýjar leiðir, ratleikir, hópefli með krökkum. Reiðskóli, sýning reiðskólabarna fyllir reiðhöll
 - Hesthús gætu tekið 1-2 börn í „fóstur“ leiðbeint þeim með umhirðu hesta.
 - Nýliðun snýst ekki bara um að trekkja börn að heldur alla aldurshópa að.
 - Reiðskólar mega leggja meiri áherslu á að það sé gaman í hestamenskunni, ekki gera þetta of flókið.
 - Íslenski hesturinn á að standa fyrir gleði, samveru og útreiðum í náttúrunni - við þurfum að leggja áherslu á það.
 - Samkeppni við aðrar íþróttagreinar svo við verðum að skilgreina hestamenskuna sem 12 mánaða sport svo við missum ekki unga fólið í aðrar greinar.
 - Ekki góðir reiðvegir í nærumhverfi hesthúshverfisins. Reiðhöll er lykilatriði fyrir nýliðun.
 - Nýliðun og halda ungum inni. Smali/Trec sniðug grein sem þyrfti að bjóða upp á. Of dýrt að byrja í hestamenskunni. Í dreifbýlinu vantar oft aðstöðu.
 - Dreifbýlisfélag þar sem starfið ber þess keim. Höfum lagt áherslu á æskulýðsstarfið sem hefur gengið vel. Stúlkurnar mun duglegri að koma inn en hvar eru strákarnir. Ekki láta allt snúast um keppni við nýliðun en skapa stemmningu við það sem er gert.
 - Hleypa unga og nýja fólkinu betur að, leiðtogar geta verið tregir við að leyfa nýjum að komast að.
 - Allir krakkar þurfa að fá viðurkenningu, ekki bara þeir sem vinna mót.
 - Aðrir hlutir en keppni þurfa meira vægi, flestir sem byrja eru ekki að huga að keppnishaldi.
 - Félagshesthús eða sambærileg aðstaða er mikilvæg fyrir nýliðun. Hugsanlega miðla plássum hjá hesthúseigendum sem gætu tekið börn svolítið að sér

Hvernig getum við fjölgað hestamönnum í hestamannafélögunum (þeir sem ríða út en eru ekki í hestamannafélagi)?

- **Þegar það er góð og skemmtileg samvinna þá spyrst það út.**
- Sumstaðar vandamál og kannski í stærri félögunum en höfða þarf til samvisku fólks og kannski loka reiðvegum fyrir þeim sem eru ekki félagar
- Margir eru hræddir við að vera settir í nefndir
- Reyna að hvetja fólk „face to face“

Hvernig eflum við sjálfboðaliða félaganna?

- **Endurnýja reglulega leiðtogahlutverk innan félaganna.**
- **Mætti umbuna sjálfboðaliða betur, leyfa þeim að finna hversu mikilvægir þeir eru.**



- Vera nógu girugur og fara í erfið verkefni sem eru virkileg áskorun (Reiðhöll, félagsheimili) – áhlaupsverkefni - ef ákveðinn kjarni mætir þá koma hinir á endanum.
- Erfitt að fá sjálfboðaliða í minni félögum, hafa fleiri nefndir undir nefndunum, deila ábyrgðinni.
- Fá fólk frekar með sér en á móti sér.
- Grasrótin: halda félagskapnum á öllum sviðum. Félagsstarf sem höfðar ekki eingöngu til keppnisfólks, ná til allra hestamanna
- Nefndarpartý – gulrót, í lok starfsárs

Hvað getur LH gert meira fyrir þitt félag?

- **Mætti vera til gátlisti yfir verkefni nefnda.**
- **Fræðslufundir fyrir formenn nefnda.**
- Kynningafulltrúa/æskulýðsfulltrúa/ sem hjálpaði félögunum að skipuleggja minni atburði æskulýðsdaga, treckmót, útreiðarhópa osfrv.
- Nefndir LH mega vera sýnilegri.
- LH og nefndirnar mega vera sýnilegri og t.d. senda fulltrúa á aðalfundi, til að kynna starfinu betur og kynna líka hvað LH er að fást við. (Jón Dís tekur vel í það)
- LH gæti sent út leiðbeinanda til félaganna til að kynna þeim fyrir nýjum greinum eins og trec og þess háttar.
- Athugasemd að heimasíðan er fróðleg en ekki nægilega vel þekkt.
- Spurning hvort það fari ekki of mikil orka LH í LM og HM. Þyrfti að eyða meira púðri í önnur verkefni. C-flokkur, þrígangur eru fleiri nýjar greinar sem virðast ætla að verða vinsælar.

Hvernig getum við komið á meira samstarfi milli hestamannafélaga?

- **Samvinna**
- Funda mánaðarlega
- Sameiginleg veisluhöld
- Samstarf þarf að vera gott

Á að sameina félög?

- **Ekki endilega sameina hestamannafélög, heldur vinna meira saman.**
- Samvinna mun efla okkur
- Hentar misvel, sumstaðar geta svæði orðið of stór.
- Sameiginleg útreiðanefnd – halda óvænta viðburði án tilstands

15:00 – 15:30 Kaffihlé

15:30 – 16:30 Vinnuhópar – umræður og niðurstöður hópa Hvernig eigum við að reka hestamannafélag?



Niðurstöður hópavinnu:

Hvernig eigum við að reka hestamannafélag?

- Lykilorðið er samstarf, geta til að dreifa ábyrgðinni og fá sem flesta með í sjálfboðastarfið.

Hvað getum við gert meira fyrir hinn almenna félagsmann?

- Betri upplýsingagjöf, almennar upplýsingar
- Gera fólki betur grein fyrir skyldum hestamanna.
- Búa til dagskrá fyrir veturinn og dreifa í hús.
- Halda gleðinni við völd, halda fjölbreytta viðburði sem dæmi.
- Þarf að sjá til þess að hestamannafélög sitji við sama borð og önnur íþróttafélög.
- Ekki sanngjarnt að hinn almenni félagsmaður sé að greiða fyrir keppnismenn.

Hvernig rekum við reiðhallir?

- Mætti hækka félagsgjaldið
- Stærri félög þurfa að hafa framkvæmdarstjóra
- Hafa félagsgjöld valkvæð eftir 67 ára aldur
- Ekki hægt nema með góðri aðstoð frá sveitarfélögum og sjálfboðaliðum.
- Vatnsinntak er reiknað eftir fermetra og því oft dýrt þegar verið er að reisa reiðhallir.

Fjármögnun

- skuldlausar hallir eru víða til staðar
- fjármögnun Styrktaraðilar (logo styrktaraðila inni reiðhöllum)
- Reiðmaðurinn
- „hollvinir reiðhallar“ stofnaðir í Hrunamannahreppi til að standa undir rekstri reiðhallar (sjoppurekstur ofl)
- Máni hækkaði félagsgjöld til að geta boðið frítt í reiðhöllina og til að fá fleiri féлага (margir vilja nýta sér reiðhöllina)

Starfsmaður í reiðhöll

- Máni leysir þetta með því að semja við morgungjafara að opna á morgnana, svo er skipt niður á félagsmenn ábyrgð að loka á kvöldin – allir loka eina viku yfir veturinn.

Starfsmannamál?

- Máni hækkaði félagsgjöldin og hafði reiðhöllina inni í þeim. Einnig sömdu þeir við morgungjafa og hafa vikuáætlun til að dreifa álagi.



Mótahald – höldum við of mörg mót?

- **Færri bikara og fleiri verðlaunapeninga.**
 - **þarf að endurskoða ferðakostnað dómara, ekki tímagjöld**
 - Þarf að stytta mótin og gera þau áhorfendavænni, engar takmarkanir en skýrari flokkaskiptingar fyrir bæði hesta og menn. Hafa frekar 1,2 og 3. Flokk.
 - Sumir vilja reka mótin á styrktaraðilum, aðrir vilja reka þau á þáttökugjöldum
 - Fækka mótum
 - Minni mótin eru að draga að fleiri áhorfendur og eru oft skemmtilegri.
- **áhorfendur**
- Ef við viljum áhorfendur þá verðum við líka að hafa veitingar og góða aðstöðu fyrir áhorfendur
 - WR mót – þá er minni áhugi á úrslitum, því margir keppendur fara heim eftir forkeppni
 - á stærri mótum endist áhorfandi síður í að fylgjast með í marga daga
 - meiri fjölbreytileiki í keppnisgreinum getur aukið áhorfendur (þrautabraut, treck, fimi ofl)
- **kostnaður**
- dómarakostnaður vegur oft mjög þungt
 - erfitt fyrir félög á landbyggðinni að fá dómara (kostnaður v. akstur vestur á firði og jafnvel gistingu)
 - dómara valdir eftir búsetu til að lækka kostnað
 - verðlaunapeningar – kröfur um „dollur“ í stað „verðlaunapeninga“
 - styrktaraðilar fyrir hvern flokk léttir á þessu
 - sniðugt ef félög á svæðinu taka sig saman um að ákveða hversu mörg sæti fá bikara á mótum á svæðinu
- **tegund móta:**
- undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun á mótum, sérstaklega stærri mótum og WR
 - íþróttamót eru þyngri í skipulagningu en gæðingamót, þar sem flokkar eru mun fleiri
 - lítil ólögleg mót oft auðveldari í rekstri og áhorfendavænni
 - þrígangsmót, firmakeppnir og önnur ólögleg mót yfirleitt mjög vinsæl

Sigurður Ævarsson spyr sig afhverju það ætti að fækka mótum, honum finnst að það ætti frekar að fjölga þeim þar sem nóg er af þátttakendum.

Óþ tekur ekki vel í að takmarka skráningar, fólk gæti gefist upp á að reyna að skrá sig.

16:30 – 17:15 Samantekt

17:15 – 18:00 Önnur mál



-
- Pjetur N. Pjetursson tók þátt í vinnufundi um afreksstefnuna og leggur til að formenn samþykki hana.
 - Afreksstefna samþykkt.
 - Formaður Snæfellinga býður fram sína aðstöðu undir Landsþing 2016 í Stykkishólmi.
 - Jónína Stefánsdóttir kemur upp í pontu og þakkar stjórn fyrir gott samstarf og hvetur fólk til að mæta á Landsmót á Hólum 2016.
 - Marteinn gerði að máli sínu árlega haustskýrslu sem umráðamenn búfjár þurfa að skila inn til Mast. Marteinn leggur til við fundinn að fela stjórn LH að leita leiða til að losa verulega útreiðamenn undan slíkri óþarfa skýslugerð enda vandséð að það sé tilgangur laganna. Fundurinn samþykkti tillöguna samhljóða.

Lárus Ástmar Hannesson kemur í pontu og þakkar fundargestum fyrir daginn. Fundi slitið.

18:00 – 20:00 Léttar veitingar á Café Easy í boði LH